



Guttormur Jónsson

**S
K
Ú
L
P
T
Ú
R**



Kjarvalsstaðir 1984



Guttormur Jónsson

fæddur 13. maí 1942

Bjarkargrund 20, Akranesi
sími 93-1275

Þegar myndlistamenn halda sýningar finnst mér oft vanta betri kynningu á þeim. Þess vegna skrifa ég þessar línur.

Gutti er fæddur og uppalinn í Laugardalnum í Reykjavík. Hann er sonur Jóns Björnssonar, málarameistara, sem látinn er fyrir nokkrum árum og Gretu Björnsson, sem bæði eru þekktir listamenn, m.a. fyrir kirkjuskreytingar. Faðir Gretu var Axel Erdmann, þekktur sænskur impressjónisti.

Árið 1963 fluttist Gutti til Akraness og hafði þá nýlokið námi í húsgagnasmíði. Varð hann strax kunnur hér sem mikill hagleiksmaður. Mjög snemma kom fram hjá honum þörf til listskópunar, og hefur hann mótað í ýmis efni, t.d. tré, stein, leir o.fl. Tréð hefur alltaf verið hans uppáhaldsefni. Í Myndlistaskóla Reykjavíkur, höggmyndadeild, fór hann 1978 og var þar viðloðandi til 1981. Á þeim árum vann hann oft í Reykjavík, m.a. við leikmyndagerð í Paradísarheimt. Þar smíðaði hann t.d. kistil Steinars bónda, sem þótti mikil völundarsmíð. Einnig vann hann að viðgerðum á skúlptúrum eftir Ásmund Sveinsson.

Á ári trésins 1980, tók hann þátt í sýningu iðnaðarmanna í Reykjavík. Hér á Akranesi sýndi hann 1982 ásamt Bjarna Þór Bjarnasyni. Hann átti verk á haustsýningu FÍM á Kjarvalsstöðum 1983. Í ársbyrjun 1984 hlaut hann starfslaun í fjóra mánuði frá Menningarsjóði Akraness. Undanfarin ár hefur hann starfað við Byggðasafn Akraness.

Hann hefur fylgst vel með því sem er að gerast í myndlist, ferðast og skoðað söfn og sýningar.


Þessum þrúða og góða félaga mínum óska ég velfarnaðar.

Akranesi í okt. 1984
Hreinn El., listmálari.

- | | | |
|-----|------------------|------------|
| 1. | Glæsikona | ísl. birki |
| 2. | Ungviði | ísl. birki |
| 3. | Ég get, ég kann | ísl. birki |
| 4. | Gullhænan | ísl. birki |
| 5. | Vinátta | ísl. birki |
| 6. | Slæðudans | ísl. birki |
| 7. | Í hnút | ísl. birki |
| 8. | Skjól | ísl. birki |
| 9. | Eining | ísl. birki |
| 10. | Götunarstúlka | ísl. birki |
| 11. | Umönnun | ísl. birki |
| 12. | Sperringur | ísl. birki |
| 13. | Morgunleikfimi | ísl. birki |
| 14. | Leikur að formum | ísl. birki |
| 15. | Leikur að formum | ísl. birki |
| 16. | Kannski bein | ísl. birki |

- | | | |
|-----|--------------------------|-----------------------|
| 17. | Vonin | ísl. grenirót |
| 18. | Goð | ísl. reynir |
| 19. | Bankakerfið | eik |
| 20. | Sönnun | eik |
| 21. | Samruni | fura |
| 22. | Glíman við fjárlagagatið | fura |
| 23. | Kubbaleikur | fura |
| 24. | Stöndum saman | fura |
| 25. | Brotist út | fura |
| 26. | Norræn samvinna | granit |
| 27. | Norræn samvinna | granit |
| 28. | Hnoði | grágrýti |
| 29. | Álfaborgir | tréja-
steinsteypa |

Unnið 1983–1984



Hugleiðing um tré

Þú og ég við byrjuðum eins.
Ein fruma og til varð ég
önnur fruma og til varð tré.

Eins og listamaðurinn nýtur þú þín best
þar sem rýmið er nóg
og um þig leika frjálsir vindar.
Þá geta greinar þínar og rætur
teygt sig í allar áttir og stuðlað að því
að með hverjum deginum verðir þú
stærri og sterkari og tilbúnari
að takast á við lífið.

Aðlögunarhæfni þín er einstök, en samt
heldur þú þínum sterku persónueinkennum.
Hvort sem þú ert lítið eða stórt,
krækliótt eða beint, heldur þú þinni reisn,
og náttúrulegu fullkomnun.
Hægt og bitandi hefur þú þitt fram.
Þannig vinnur hið veika á hinu sterka,
og þess vegna nota ég þig til að túlka
andstæður lífsins, hið mjúka og hið harða.

Ein fruma og til varð ég
önnur fruma og til varð tré.
Við byrjuðum eins og við endum eins
í samruna við hið ólífræna efni.